

# Evrópusáttmáli um æskulýðsstarf

Lýðræðisþjóðfélag þarf á röddum og virkri þátttöku ungs fólks að halda. Til að gegna þessu hlutverki þurfa ungmenni vettvang þar sem þau geta þjálfað sig í lýðræðislegum vinnubrögðum og komið málefnum sem þeim finnst mikilvæg á framfæri. Vettvang þar sem þau, ásamt jafnöldrum sínum, geta kannað, tjáð og þróað áhugamál sín og hæfileika, ásamt hugmyndum sínum um framtíðina. Vettvang þar sem þau hljóta hvatningu og stuðning til að þróa með sér þá þekkingu, færni, viðhorf og gildismat sem þau þurfa til að geta nýtt sér til fulls möguleika sína sem einstaklingar og borgarar. Slíkan vettvang er að finna í æskulýðsstarfi og helstu hagsmunaaðilar þess eru, og verða ætíð að vera, ungmennin<sup>1</sup> sjálf.



Æskulýðsstarf er því námsferli, ekki aðeins fyrir ungmenni heldur einnig fyrir samfélagið sem slíkt. Það er fjárfesting sem allir hagnast á og fyrir samfélag sem stefnir að aðlögun og félagslegri samheldni hefur æskulýðsstarf mikilvægu hlutverki að gegna. Meginmarkmiði æskulýðsstarfs hefur verið lýst í mörgum mikilvægum stefnum Evrópusambandsins og Evrópuráðsins<sup>2</sup>. Þessi sáttmáli er þó ekki ígildi laga eða reglugerða. Þess í stað breytir hann þessum stefnum í markvissar leiðbeiningar varðandi það hvers er þörf til að ná fram og viðhalda gæðum í æskulýðsstarfi í nærsamfélaginu.

Hugmyndin um sáttmála var fyrst sett fram á annarri Evrópuráðstefnunni um æskulýðsstarf sem haldin var í Brussel árið 2015. Í yfirlýsingu sem lögð var fram í kjölfarið var því lýst yfir að „Ráðstefnan kalli eftir aukinni vitund um ábyrgð nærsamfélagsins og að samkomulag verði gert við yfirvöld á landsvísu og í nærsamfélagi um Evrópasáttmála um æskulýðsstarf.“ Hvatinn var að skapa sameiginlegan grundvöll fyrir æskulýðsstarf.

Í framhaldi af yfirlýsingunni hófst stefnumótandi samstarfsverkefni Erasmus+ undir heitinu Europe Goes Local<sup>3</sup>. Að því stóðu 22 landsskrifstofur Erasmus+ á sviði æskulýðsmála ásamt samstarfsaðilum sínum í æskulýðssamstarfsnetinu milli borga (InterCity Youth network), tengslaneti fagaðila í opnu æskulýðsstarfi í Evrópu (POYWE-netinu), evrópska æskulýðsvettvanginum (European Youth Forum) og samstarfinu milli

Evrópusambandsins og Evrópuráðsins. Sáttmálinn er einn helsti afrakstur þessa verkefnis. Hann hefur verið þróaður með samráðsferli um alla Evrópu með þátttöku breiðs hóps hagsmunaaðila á öllum stigum, þ.m.t. ríkisstjórna, sveitarfélaga, frjálsra félagasamtaka, ungmennasamtaka og ungmennaráða, regnhlífarsamtaka og margra annarra. Hann er búinn til af samfélagi evrópsks æskulýðsstarfs og í eigu þess. Hann er öllum viðkomandi sem koma að æskulýðsstarfi og vilja bæta það, frá stefnumótandi aðilum til æskulýðsstarfsmanna og ungmenna.



Markmið sáttmálans er að stuðla að frekari þróun æskulýðsstarfs í nærsamfélagi. Í því felst að tilgreina hvaða viðmiðum eigi að fylgja og hvernig þróa beri hina ýmsu þætti til að uppfylla þau.

Sáttmálinn felur því í sér sameiginlegan vettvang fyrir nauðsynlegt samtal um æskulýðsstarf í Evrópu. Hann er verkfæri og virkar eins og gátlisti sem hagsmunaaðilar geta nýtt sem samstarfsgrundvöll til frekari þróunar æskulýðsstarfs. Með honum er séð til þess að enginn þáttur eða sjónarmið verði útundan og að framkvæmd æskulýðsstarfs sé með besta og skilvirkasta hætti sem völ er á. Því ber að líta á sáttmálann sem heild og efnisliðir hans eru ekki taldir upp í forgangs röð heldur er röð þeirra rökrétt.

Æskulýðsstarf einkennist þó af miklum fjölbreytileika, ekki einungis í framkvæmd heldur einnig í því hvernig það er skipulagt, því stjórnað og það fjármagnað. Jafnvel þótt mikill meirihluti æskulýðsstarfs fari fram í nærsamfélaginu eru ýmsir aðilar á mismunandi stigum ábyrgir fyrir ólíkum málefnum sem talin eru upp í þessum sáttmála. Engin þessara aðila er einn og sér fær um að uppfylla allar kröfur sáttmálans en engin þeirra getur skorast undan eigin ábyrgð.

Til að styðja við umræður um hvernig beita skuli sáttmálanum við mismunandi aðstæður í nærsamfélaginu mun honum fylgja rafræn verkfærakista sem veitir aðgang að útskýringum og dæmum um góðar starfsvenjur sem tengjast hinum ólíku þáttum sem eru sundurliðaðir hér fyrir neðan:

1 Ungmennin eru þó ekki einsleitir hópur. Þau hafa ólíkan bakgrunn, áhugamál og hugmyndir, sum taka þátt í skipulögðu æskulýðsstarfi önnur ekki og þau hafa mismunandi þarfir.

2 Meðal þessara skjala eru:

- Ályktanir ráðsins um framlag vandaðs æskulýðsstarfs til mótunar, velferðar og félagslegrar aðildar ungs fólks (2013/C 168/03)
- Áætlun 2020, ályktun CM/Res(2008)23 um stefnu Evrópuráðsins í æskulýðsmálum
- Tilmæli Evrópuráðsins um æskulýðsstarf (CM/Rec(2017)4)
- Valdefling ungmenna: ný æskulýðsáætlun ESB, COM/2018/269 lokaútgáfa

3 Verkefnið er fjármagnað innan ramma millilandasamstarfs Erasmus+ áætlunarinnar

- ★ að byggja á frjálsri þátttöku – á því að ungmenni séu virk í æskulýðsstarfi af eigin vilja og áhuga,
- ★ að byggja á og koma til móts við þarfir, hagsmuni, hugmyndir og reynslu ungmenna samkvæmt þeirra upplifun og stuðla þannig að gleði og auknum lífsgæðum,
- ★ að vera búið til, skipulagt, undirbúið, framkvæmt og metið í samstarfi við ungmenni eða af ungmönnum,
- ★ að stuðla að persónulegum og félagslegum þroska ungmenna með óformlegu og hálfformlegu námi,
- ★ að leggja áherslu á að auka sjálfsákvörðunarrétt ungmenna, sjálfræði og aðgang þeirra að réttindum,
- ★ að horfa heildrænt á málefni ungmenna og mæta þeim á jafningjagrundvelli, sem hæfum einstaklingum og helstu gerendum í eigin lífi og í samfélaginu sem heild,
- ★ að efla gagnrýna hugsun og sköpun, sem og mannréttindi, lýðræðisleg gildi og borgaravitund,
- ★ að ná með virkum hætti til allra og bjóða öllum ungmönnum jöfn tækifæri.



★ er þróuð:

- innan ramma grundvallarviðmiða sem koma fram hér að framan og í samræmi við þau,
- í samstarfi allra viðkomandi hagsmunaaðila, þ.m.t. ungmenna, sem hafa skýr hlutverk og skýrt umboð og taka þátt á öllum stigum ferlisins,
- á grundvelli nýjustu viðeigandi þekkingar á þörfum ungmenna, réttindum og hagsmunum, sem og á nýjum rannsóknum og hinum ólíku formum og aðferðum í æskulýðsstarfi sem hægt er að nota til að uppfylla markmiðin,

★ byggir á skýrum og mælanlegum eigindlegum og meginlegum vísum að því er varðar hvaða árangri skuli náð í tengslum við þátttöku ungmenna, áhrif og lærdóm,

★ úthlutar fjárveitingum sem eru viðeigandi með tilliti til markmiða,

★ hefur að geyma skýr markmið í nærsamfélaginu sem njóta pólitísks stuðnings, jafnframt því að virða sjálfræði frjálsra félagasamtaka,

★ hefur skýra stöðu gagnvart og tengsl við víðtækari stefnu í æskulýðsmálum á öllum stigum, allt frá nærsamfélaginu til hins evrópska.




- ★ að fara fram samtal milli allra viðkomandi hagsmunaaðila,
- ★ að innleiða markmið í samræmdar stefnur og áætlanir,
- ★ að skilgreina og ákveða forsendur og vinnuferla sem nauðsynleg eru í vönduðu æskulýðsstarfi,
- ★ að skiptast með skipulögðum hætti á upplýsingum um áætlanir og starfsemi við aðra aðila á sviði æskulýðsmála í nærsamfélagi, á landsvísu og í Evrópu og taka virkan þátt í samvinnu innan sem utan æskulýðsgeirans,
- ★ að ráðleggja ungmennum og veita þeim aðgengi að upplýsingum um réttindi sín, sem og möguleika sína til þátttöku í mismunandi starfi á vegum ríkis-, sveitarfélaga eða á alþjóðavísu,
- ★ að hvetja og styðja ungmenni:
  - til að hittast þrátt fyrir alls kyns hindranir og landamæri til að blanda geði, skiptast á reynslu og hugmyndum, skipuleggja, læra hvert af öðru og grípa til aðgerða,
  - til að vera virkir borgarar og hafa áhrif í samfélaginu, þ.m.t. með því að taka þátt í pólitískri ákvarðanatöku,
  - til að vera opin fyrir umheiminum og taka með virkum hætti þátt í starfsemi og samstarfi á vegum ríkis, sveitarfélaga og á alþjóðavísu,
- ★ að setja fram, í samstarfi við ungmenni, þau markmið sem þau telja að skipti máli fyrir persónulegan og félagslegan þroska sinn,
- ★ að skrá og gera sýnileg hæfniviðmið óformlegs og hálfformlegs náms ungmenna, þ.e. þá þekkingu, færni, viðhorf og gildismat sem fæst með þátttöku í æskulýðsstarfi, og styðja við staðfestingu á hæfni sem náðst hefur,
- ★ að sjá æskulýðsstarfsmönnum fyrir viðeigandi upplýsingum, menntun, þjálfun og stuðningi sem eru löguð að þörfum nærsamfélagsins og að hvetja til og styðja við stöðuga þróun á hæfni þeirra.



- ★ að starfa innan skýrs siðferðilegs ramma, sem byggist á grundvallarviðmiðunum sem koma fram hér að framan, mannréttindafirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og Mannréttindasáttmála Evrópu um verndun mannréttinda og mannfrelsis,
- ★ að vera knúnir áfram af vilja til að styðja ungmenni til persónulegs og félagslegs þroska,
- ★ að skapa hvetjandi og öruggt umhverfi sem nær til allra, er valdeflandi og hvetur til félagslegrar þátttöku, er skapandi og skemmtilegt
- ★ að sjá þörfina á því og leita leiða til þess:
  - að fá ungmenni til að taka þátt á öllum stigum æskulýðsstarfsins,
  - að styðja ungmenni til að skipuleggja sig sjálf,
- ★ að hafa hæfni, þ.e. þekkingu, færni, viðhorf og gildismat, sem nauðsynleg er til að sinna æskulýðsstarfi í samræmi við þau viðmið og aðgerðir sem lýst er í þessum sáttmála,
- ★ að sjá æskulýðsstarf sem ferli þar sem fólk lærir hvert af öðru og að sjá þörfina á stöðugri þróun á hæfni,
- ★ að vera meðvitaðir um og geta gert grein fyrir hlutverki og verkefnum æskulýðsstarfsmanna og fara ekki að sinna markmiðum og störfum sem falla utan sviðs grundvallarviðmiðanna,
- ★ að vera stöðugt gagnrýnir á hvernig þeirra eigin aðgerðir samræmast grundvallarviðmiðunum. Einnig á það við um markmið, aðferðir og leiðir til að skipuleggja starfseminu í nærsamfélaginu.



- ★ skýr og ítarleg gæðaviðmið til að skrá og fylgja eftir niðurstöðum, forsendum og vinnuferlum í tengslum við mælanlega vísa og markmið,
- ★ reglulega og uppfærða kortlagningu á aðstæðum og þörfum í nærsamfélaginu,
- ★ skýrar verklagsreglur um hvernig unnið er með niðurstöður með tilliti til þess hvernig þær tengjast forsendum, vinnuferlum og starfsemi auk mats á þörf á frekari framþróun,
- ★ skýrar verklagsreglur um hvernig vinna á með nýjar innlendar og alþjóðlegar rannsóknir, þróun og aðferðir á vettvangi æskulýðsstarfs,
- ★ sameiginlegt átak allra hagsmunaaðila um að vinna saman að gæðaþróun og innleiðingu nýjunga,
- ★ stöðuga þróun á hæfni æskulýðsstarfsmanna sem byggir á skýrum hæfniramma í bland við greiningu á niðurstöðum, þörfum, styrkleikum og veikleikum í nærsamfélaginu.



## LANDSSKRIFSTOFUR ERASMUS+ SEM TAKA ÞÁTT Í VERKEFNINU



[www.iz.or.at](http://www.iz.or.at)



[www.site.erasmusplus-jeunesse.fr](http://www.site.erasmusplus-jeunesse.fr)



[www.leargas.ie](http://www.leargas.ie)



[www.iuventa.sk](http://www.iuventa.sk)



[www.jint.be](http://www.jint.be)



[www.jugendfuereuropa.de](http://www.jugendfuereuropa.de)



[www.jaunatne.gov.lv](http://www.jaunatne.gov.lv)



[www.juventude.pt](http://www.juventude.pt)



[www.mobilnost.hr](http://www.mobilnost.hr)



[www.inedivim.gr](http://www.inedivim.gr)



[www.aha.li](http://www.aha.li)



[www.anpcdefp.ro](http://www.anpcdefp.ro)




[www.ufm.dk](http://www.ufm.dk)



[www.tka.hu](http://www.tka.hu)



[www.jtba.lt](http://www.jtba.lt)



[www.mucf.se](http://www.mucf.se)



[www.noored.ee](http://www.noored.ee)



[www.rannis.is](http://www.rannis.is)



[www.nji.nl](http://www.nji.nl)



[www.oph.fi](http://www.oph.fi)



[www.agenziagiovani.it](http://www.agenziagiovani.it)



[www.dzs.cz](http://www.dzs.cz)



[www.movetia.ch](http://www.movetia.ch)



[www.aktivungdom.eu](http://www.aktivungdom.eu)

## ALPJÓÐLEG SAMTÖK SEM TAKA ÞÁTT Í VERKEFNINU



[pjp-eu.coe.int](http://pjp-eu.coe.int)




[www.youthforum.org](http://www.youthforum.org)



[intercityyouth.eu](http://intercityyouth.eu)



[poywe.org](http://poywe.org)





“ÆSKULÝÐSSTARF BYGGIR  
Á STERKUM GRUNNI...  
OG EFLIR VITUND UNGS FÓLKS  
UM RÉTTINDI SÍN OG SKYLDUR”

